

Námsáætlun | Íslenska | Haust 2018

8. bekkur -3 klukkustundir á viku

Kennarar: Lilja Ósk Magnúsdóttir, Jóhanna Sigmundsdóttir, Vilborg Guðrún Sigurðardóttir og Þórður Birgisson.

Almennt / Verklag

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum í Aðalnámsskrá grunnskóla: talað mál, hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Náminu er skipt í námslotur þar sem hver lota miðar við hæfniviðmiðin. Gera má ráð fyrir að breytingar geti orðið á námsáætlun en tilkynnt verður um breytingar eins fljótt og auðið er.

Yfirferð

Hæfniviðmið	Náms- / viðfangsefni
<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> - tjáð sig skýrt og áheyrilega. - tekið þátt í samræðum - hlustað af athygli - lesið texta með góðum hraða og túlkað þá - beitt grundvallarhugtökum í bókmenntum - greint aukaatriði og aðalatriði í texta - valið textategund við hæfi í eigin ritun 	<p>Bókmenntir <i>Smásagnasmáræði; valdar smásögur.</i></p> <p>Málfræði Setning, málsgrein, efnisgrein. Nafnorð; hlutstæð og óhlutstæð.</p> <p>Ritun Einnar efnisgreinar ritun. Stafsetning; sk-reglan</p> <p>Framsögn Mínútumas</p>
<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> - lesið og túlkað gamlar og nýjar bókmenntir - greint aukaatriði og aðalatriði í texta - greint frásagnarform bókmennta og beitt grundvallarhugtökum í bókmenntum - beitt völdum málfræðihugtökum - skrifað rétt samkvæmt völdum stafsetningarreglum 	<p>Þema: Dýgðir og lestir í Laxdælu</p> <p>Bókmenntir</p> <p>Ritun</p> <p>Framsögn</p> <p>Annað Áfram unnið með nafnorð og lýsingarorð. Stafsetning: stór og lítill stafur.</p>
<p>Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> - skrifað læsilega og af öryggi og gengið vel frá texta - mótað málgreinar og efnisgreinar - samið texta frá eigin brjósti - áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins - greint orðflokka og þekkt helstu einkenni fallorða - samið texta frá eigin brjósti og kynnt fyrir bekknum 	<p>Bókmenntir <i>Sérðu það sem ég sé; Valdir textar og sögur</i></p> <p>Málfræði <i>Skerpa og Kveikjur</i></p> <p>Ritun Smásaga skrifuð í tengslum við jólakortaverkefni. Þrjár efnisgreinar, inngangur, meginmál, lokaorð. Stafsetning: n/nn, reglur um y</p> <p>Framsögn Kynning á smásögu í tengslum við jólakortaverkefni.</p>

Námsáætlun | Stærðfræði | Skólaárið 2018-2019

8. bekkur – 3 klukkustundir á viku

Kennarar: Lilja Ósk Magnúsdóttir, Ómar Örn Magnúsdóttir, Signý Gísladóttir og Þórður Birgisson.

Almennt / Verklag

Hæfniviðmið	Náms- / viðfangsefni
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - þekkt muninn á samsettum tölum og frumtölum og þáttað samsettar tölur. - reiknað með neikvæðum tölum. - notað fleiri en eina reikniaðgerð í sama dæmi. - skrifað tölur sem veldi. 	<p><u>Tölur og talnareikningur – 1. kafli</u></p> <p>Deilanleiki og þáttun</p> <p>Neikvæðar tölur</p> <p>Röð reikniaðgerða</p> <p>Veldi</p>
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - skilgreint rúmfræðileg form (punkt, línu, strik, mismunandi horn, ferning, jafnarma þríhyrning o.s.frv.). - beitt reglum um eiginleika horna við að finna út hornastærðir. - teiknað mismunandi form með hringfara og reglustiku (60° horn, þveril, helmingað horn, o.s.frv.). - merkt punkta, strik og línur í hnitakerfi, beitt mismunandi flutningum s.s. speglun, hliðrun og snúningi. 	<p><u>Rúmfræði – 2. kafli</u></p> <p>Byggingarefni í rúmfræði</p> <p>Rúmfræðiteikningar</p> <p>Snúningar og færslur</p>
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - þekkt eiginleg, óeiginleg brot og blandnar tölur og reiknað, lengt og stytt almenn brot. - reiknað með prósentum og breytt almennu- og tugabroti í prósent og öfugt. - margfaldað og deilt með almennum brotum. 	<p><u>Almenn brot, tugabrot og prósent – 3. kafli</u></p> <p>Almenn brot</p> <p>Tugabrot</p> <p>Prósent</p>
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - skráð niðurstöður rannsókna með skífu-, línu- og myndriti og reiknað út hlutfallstíðni. - fundið meðaltal, miðgildi, tíðasta gildi og dreifingu. - gert athuganir, tilraunir, lagt fyrir spurningalista, - notað önnur gagnasöfn og unnið úr þeim upplýsingar. 	<p><u>Tölfræði – 4. kafli</u></p> <p>Framsetning niðurstaðna</p> <p>Greining og útreikningar</p> <p>Tölfræðilegar kannanir</p>
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - reiknað með bókstöfum, skipt bókstöfum út fyrir tölur og reiknað gildi stæðunnar. - leyst jöfnur og notað þær til að leysa vandamál úr daglegu lífi. 	<p><u>Algebra og jöfnur - 5. kafli</u></p> <p>Algebrustæður</p> <p>Jöfnur</p>

Að nemandi geti:

- notað stærðfræðileg hugtök og tjáð sig munnlega og skriflega um þau.
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- tekið afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu
- tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum
- unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi
- rannsakað fyrirbæri og sett niðurstöður fram á skipulegan hátt m.a. með skráningu, teikningum og upplýsingatækni.
- sett sér markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist,
- skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár

Lykilhæfni

Tjáning og miðlun

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Sjálfstæði og samvinna

Nýting miðla og upplýsinga

Ábyrgð og mat á eigin námi

Námsáætlun | Enska | haust 2018

8. bekkur, 2 vikustundir

Kennarar: Aðalsteinn Haukstein Oddsson, Hildur Ásgeirsdóttir, Ómar Örn Magnússon og Vilborg Guðrún Sigurðardóttir

Almennt / Verklag

Nám í ensku miðast við hæfniviðmið Aðalnámsskrár Grunnskóla en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarlausni. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Þannig er unnið með tiltekin viðfangsefni hæfniviðmiðanna og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálf þá hæfni. Í lok námshlutans er svo námsmat sem metur stöðu nemandans í samræmi við viðkomandi hæfniviðmið.

Nemendur skulu halda utan um öll verkefni og allt efni sem unnið er í tímum í möppu. Meðfram verkefnavinnu vinna nemendur í Spotlight 8 - lesbók og verkefnabók.

Yfirferð

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Verkefni og námsmat
Ritun Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> - skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum - tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu 	Nemendur gera nokkur ritunarverkefni, bæði sem einstaklings- og hópa-/paraverkefni. Farið yfir helstu málfræðireglur.	Ritunaræfingar um eigin upplifanir Námsmat: Ritunaræfing í tíma
Hlustun Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> - tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt, - án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr 	Nemendur hlusta á kennara tala ensku og einnig er spiluð hlustun úr Spotlight lesbók. Nemendur flytja verkefni (aðrir hlusta) og horfa á enskar kvikmyndir/þætti.	Verkefni í Spotlight Kvikmyndarýni Námsmat: Hlustunaræfing í tíma
Frásögn og samskipti Að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> - tjáð sig skipulega með undirbúið eða efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu og sagt skoðun sína á því - tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í 	Kennari þjálfar nemendur í frásögn og helstu framburðaratriðum. Öll samskipti sem eiga sér stað á ensku teljast til verkefna. Munnlegar æfingar, skipulagðar af kennara, ýmist sem hóp-, einstaklings- eða paraverkefni. Nemendur kynna verkefni á ensku.	Stuttar kynningar Hópverkefni Stutt samskiptaverkefni Viðtöl innan skólans Námsmat: Stutt kynning á myndbandi og aðrar munnlegar æfingar/próf
Lesskilningur Að nemandi geti:	Lestur Spotlight lesbókar ásamt öðrum lestextum og verkefni leyst í Spotlight vinnubók.	Stuttar bækur og verkefni úr innihaldi þeirra

<p>- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra</p>	<p>Nemendur horfa á enskar kvikmyndir/þætti með enskum texta, sem reynir einnig á lesskilning. Nemendur afla sér upplýsinga á enskum miðlum þegar unnin eru þemaverkefni.</p>	<p>Námsmat: Lesskilningskönnun í tíma</p>
---	---	---

Námsáætlun | Danska | Haust 2018

8. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Hildur Ásgeirsdóttir og Inga Mjöll Harðardóttir

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á eftirfarandi áætlun. Tilkynnt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.

Almennt / Verklag

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámsskrár Grunnskóla en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarläsi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Í hverjum námshluta er þannig unnið með tiltekin viðfangsefni hæfniviðmiðanna og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfja þá hæfni. Í lok námshlutans er svo námsmat sem metur stöðu nemandans í samræmi við viðkomandi hæfniviðmið.

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Í kennslustundum er unnið með lesbók og vinnubók sem tengist textanum. Auk þess lesa nemendur texta af ýmsum toga. Nemendur eru þjálfaðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður samþætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á upprifjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Fjölbreytt ritunarverkefni fylgja lesbók.

Nemendur kynnst dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda og tónlistar.

Námsefni

- Tak, lesbók eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen.
- Tak vinnubók (lesbók og vinnubók unnar saman).
- Ýmiss konar textar, m.a. af netinu og úr dönskum bókum.
- Dönsk málfræði fyrir 8. bekk – fjölfaldað hefti.
- Danskar kvikmyndir, tónlist, þættir og leikir.

Á haustönn er eru lesnir tveir kaflar úr Tak lesbók, Hjemmet og Familien. Ef tími leyfir mun kaflinn Fritid og interesser bætast við. Nemendur lesa valdar blaðsíður úr köflunum og vinna samsvarandi blaðsíður í vinnubók. Auk þess vinna nemendur verkefni, horfa á danskar bíómyndir og vinna með helstu málfræðireglur.

Mat á verkefnum og könnunum sem unnið er með yfir veturinn er leiðsagnarmat

- Vinnubækur
- Framlag í hópvinna – Veggmyndir, skýr og snyrtileg framsetning, hugmyndavinna, texti nokkuð rétt skrifaður, orðaforði og málfar gott.
- Kynningar – frásögn, málfar, framburður, orðaforði, glærur eða ritaðir punktar og virk þátttaka allra í hóp.
- Ritunarverkefni – uppbygging og samhengi í texta, orðaforði, málfræði og stafsetning.
- Kannanir.
- Virkni í samskiptum á dönsku.

Yfirferð

Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat
<p>Hlustun Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - skilji einfalt og skýrt talmál um efni sem varða hann sjálfan og nánasta umhverfi hans. - skilji einföld fyrirmæli sem kennari gefur í kennslustund. 	<p>Í hlustun eru unnin hlustunarverkefni úr Tak vinnubók, nemendur hlusta á kennara tala dönsku og vinna ýmis verkefni, m.a. verkefni lögð fyrir af kennara eða hugsanlegum gestakennurum á haust- eða vorönn.</p> <p>Nemendur flytja verkefni (aðrir hlusta) og horfa á danskar kvikmyndir/þætti.</p>	Hlustunarpróf
<p>Lesskilningur Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - geti lesið og skilið stutta, léttu texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum. - geti hraðlesið stuttan texta og skilið aðalatriðin. - geti lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur 	<p>Lestur <i>Tak</i> lesbókar ásamt öðrum lestextum og verkefni leyst í Tak vinnubók.</p> <p>Nemendur horfa á danskar kvikmyndir/þætti með dönskum texta, sem reynir einnig á lesskilning.</p> <p>Nemendur afla sér upplýsinga á dönskum miðlum þegar unnin eru þemaverkefni.</p>	Lesskilningspróf.
<p>Frásögn og samskipti Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum og fjölskyldu á einfaldan hátt. - geti tekið þátt í einföldum samræðum tveggja. - geti haldið stutta kynningu um sjálfan sig, nánasta umhverfi og áhugamál. 	<p>Kennari þjálfar nemendur í framsögn og helstu framburðaratriðum. Öll samskipti sem eiga sér stað á dönsku teljast til verkefna.</p> <p>Munnlegar æfingar, skipulagðar af kennara, ýmist sem hóp-, einstaklings- eða paraverkefni.</p> <p>Nemendur kynna verkefni á dönsku.</p>	Munnlegt próf og kynning á þemaverkefni.
<p>Ritun Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - geti skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist sem unnið er með. - geti tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki s.s. punkta og spurningarmerki. 	<p>Nemendur gera nokkur ritunarverkefni, bæði sem einstaklings- og hópa-/paraverkefni.</p>	Skil á ritunarverkefnum.
<p>Menningarläsi Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - sýnir fram á að hann átti sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. - geti sýnt fram á að hann þekki til síða og hefða í Danmörku og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu. 	<p>Nemendur kynnast danskri menningu í gegnum Tak lesbók, kvikmyndir, lög, frá kennara og margt annað.</p> <p>Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í dönskum menningarheimi.</p>	Fer fram í gegnum mörg önnur verkefni.

Námsáætlun | Náttúrufræði | Skólaárið 2018-2019

8. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Aðalsteinn, Elín, Jóhanna, Sandra og Signý

Almennt / Verklag

Markmið náms í náttúrufræði er að nemendur verði vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

Yfirferð

Hæfniviðmið	Náms- / viðfangsefni	Námsmat
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - lýst hringrás efna, útskýrt ljóstillífun og bruna - útskýrt gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi - gert grein fyrir eigin athugunum á lifverum, hegðun þeirra og búsvæðum - útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein- og fjölfrumunga 	<p>Lífheimurinn</p> <ul style="list-style-type: none"> - Líffræðilegur fjölbreytileiki - Bakteríur og veirur - Þörungur - Plöntur - Dýr 	<p>Verkefni Könnun</p>
<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkanmans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi - útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun - útskýrt hvað einkennir lífskilyrði manna og hvað flest í því að taka ábyrgð á eigin heilsu - útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað flest í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegur og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra 	<p>Mannlíkaminn</p> <ul style="list-style-type: none"> Frumur Melting og öndun Blóðrásin Húð, stoð og- og hreyfikerfi Taugakerfi Kynlíf 	<p>Verkefni Könnun</p>

Námsáætlun | Samfélagsfræði | Haust 2018

8. bekkur – 2 klukkustundir á viku - saga

Kennarar: Elín Árnadóttir og Sandra Óskarsdóttir

Almennt / Verklag

Markmið náms í samfélagsfræði er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Kennslubók: Styrjaldir og kreppa og Árið 1918.

Yfirferð

Hæfniviðmið	Náms- / viðfangsefni	Námsmat
<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í ljósi sögunnar. - rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í samfélagsumræðu. - tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. 	<p>Styrjaldir og kreppa:</p> <p>Fyrsta nútímastyrjöldin</p>	<p>Verkefni Ástundun</p>
<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta. - sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. - greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga. - notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni. - rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. 	<p>Styrjaldir og kreppa:</p> <p>Stéttarbarátta (að bls. 53)</p>	<p>Verkefni Ástundun</p>
<p>Að nemendur geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa. - aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum - sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf. - tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. 	<p>Árið 1918:</p> <p>Ísland við upphaf 20. aldar Frostaveturinn mikli Eldgos Kötlu Spænska veikin Ísland verður fullvalda ríki</p>	<p>Verkefni Ástundun</p>



Lykilhæfni í öllum greinum í 8. bekk skólaárið 2018-2019

Rík áhersla er lögð á lykilhæfni og verður hún hluti af námsmati í öllum námsgreinum. Nemendur þurfa því að hafa lykilhæfni í huga í öllu námi. Þannig eru vinnubrögð metin, virkni í hópstarfi, frumkvæði o.s.fr. Í aðalnámsskrá er lykilhæfni skipt í 5 hluta og tekur meðal annars til:

Tjáning og miðlun

- að nemandi geti notað viðeigandi hugtök og fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni.
- að nemandi geti undirbúið og flutt kynningar.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

- að nemandi geti tekið afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og beitt gagnrýninni hugsun.
- að nemandi geti spurt rannsakandi spurninga og skipulagt eigin áætlun.
- að nemandi geti nýtt sér niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt.
- að nemandi geti beitt gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

- að nemandi geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- að nemandi geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi.

Nýting miðla og upplýsinga

- að nemandi geti nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga til stuðnings í námi sínu, einn og í samvinnu við aðra.
- að nemandi geti rannsakað fyrirbæri og sett niðurstöður fram á skipulegan hátt m.a. með skráningu, teikningum og upplýsingatækni.
- að nemandi geti notað fjölbreytta miðla við skipulag, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.

Ábyrgð og mat á eigin námi

- að nemandi geti skipulagt og borið ábyrgð á eini námi, sett sér markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms.

Námsmat

Leiðsagnarmat, námsmappa, miðsvetrarkönnun, hópverkefni, lykilhæfni og fleira.

Námsmappa

Nemendur skulu halda utan um öll verkefni og allt efni sem unnið er í tímum í möppu.

Fyrirvari um breytingar

Gera má ráð fyrir því að einhverjar breytingar geti orðið á öllum námsáætlunum. Tilkynnt er um allar slíkar breytingar eins fljótt og auðið er.